

**REGLUR****um tryggingarfé ferðaskrifstofa.****1. gr.**

Sérhver sá einstaklingur eða félag, sem óskar leyfis til þess að reka ferðaskrifstofu, skal setja tryggingu að upphæð kr. 350 000.00 — þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur.

**2. gr.**

Tryggingin skal vera í formi bankaábyrgðar, byggð á veðsetningu til þess banka, bankainnstæðu eða annarri tryggingu, sem bankinn metur gilda.

**3. gr.**

Nú hættir ferðaskrifstofa störfum og fellur þá skylda til tryggingar niður. Þó fellur trygging eigi niður fyrr en hefur verið lögð yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að eigi sé til að dreifa ófullnægðum kröfum skuldheimtumanna eða annarra viðskiptamanna ferðaskrifstofunnar, á hendur henni.

Reglur þessar eru settar samkvæmt 5. gr. laga nr. 29 20. apríl 1964, um ferðamál, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1965.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Gunnar Vagnsson.*

**SAMÞYKKT****um forkaupsrétt Stykkishólms á lóðum og fasteignum í Stykkishólmshreppi.**

Stykkishólmshreppi er áskilinn forkaupsréttur á eftirtöldum lóðum og fasteignum:

Vikurgata 2. Eigandi: Petrea Andrésdóttir.

Vikurgata 4. Eigandi: Guðmundur Bjarnason.

Aðalgata 2. Eigendur: Eyjólfur Bjarnason og Bára Jónsdóttir.

Aðalgata 6. Eigendur: Ágúst Sigurðsson og Haraldur Jónasson.

Aðalgata 11. Eigandi: Einar Jóhannesson.

Aðalgata 19. (Jaðar). Eigandi Jón Kr. Lárusson.

Skólastígur 5. Eigandi: Þorkell Ólafsson.

Skólastígur 7. Eigandi: Jón Ólafsson.

Skólastígur 9. Eigandi: Stefán Tómasson.

Skólastígur 14. Eigandi: Kristjana Hannesdóttir.

Skólastígur 16. Eigandi: Áskell Gunnarsson.

Bókhlöðustígur 2. Eigandi: Bæring Breiðfjörð.

Bókhlöðustígur 6. Eigandi: Magnús Steinþórsson.

Bókhlöðustígur 15. Eigandi: Kamilla Kristjánsdóttir.

Bókhlöðustígur 17. Eigandi: Hans J. Hansen.

Lengjubær v/ Bókhlöðstíg. Eigendur: db. Sigríðar og Þórunnar Jónsdætra.  
 Hafnargata 2. Eigandi: Sigurður Jónasson.  
 Hafnargata 4 (Hótelldóð). Eigandi: Sigurður Skúlason.  
 Silfurgata 12. Eigandi: Garðar Jónsson.  
 Silfurgata 14. Eigandi: Eiríkur Helgason.  
 Útihús við Silfurgötu. Eigandi: Hannes Jónsson.  
 Útihús við Silfurgötu. Eigandi: Þóra Kristjánsdóttir.  
 Akkrar við Silfurgötu. Eigandi: Jóhanna Jóhannsdóttir.  
 Netaverkstæði v/ Laufásveg. Eigandi: Sigurður Ágústsson.  
 Refhús við Laufásveg. Eigandi: Sigurður Ágústsson.  
 Austurgata 3. Eigandi: Kristján Rögnvaldsson.  
 Austurgata 5. Eigandi: Jóhanna Lárentziusdóttir.  
 Austurgata 9. Eigandi: Valtýr Guðmundsson.  
 Sjávarhús v/ Bátabryggju. Eigandi: Kaupfélag Stykkishólms.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stykkishólmshepps hefur gert samkvæmt lögum nr. 22 23. júní 1932, öðlast þegar gildi og gildir í fimm ár frá og með dagsetningardegi hennar að telja og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júní 1965.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Nr. 155.

30. júní 1965.

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Ólafsvíkarkauptún, nr. 154  
 2. nóvember 1961.

1. gr.

VIII. kafli orðist þannig:

### Um lestagjöld og bryggjugjöld.

Öll skip og bátar, sem koma til Ólafsvíkur og hafa samband við land, eða leggjast við bryggju eða bólvirki, hvar sem er í höfninni, eða að bát eða skipi, sem liggur við bryggju eða bólvirki, skulu greiða lestagjald og bryggjugjald eftir stærð, talið í tonnum brúttó, sem hér segir:

- a. Skip og bátar, sem eru eign aðilja í Ólafsvík, eða skrásett þar, eða gerð út þaðan til fiskveiða og flutnings, svo og önnur skip og bátar, sem gerðir eru út frá Ólafsvík a. m. k. tveggja mánaða tíma samfleytt á ári, skulu greiða lestagjald og bryggjugjald einu sinni á ári:

Opnir bátar greiði lágmarksgjald krónur 200.00 á ári. Þilfarsbátar greiði krónur 20.00 pr. brúttórúmllest, lágmarksgjald krónur 500.00 á ári. Gjaldnaga er 1. júlí ár hvert.

- b. Innland fiskiskip og strandferðaskip í innanlandssiglingum greiða krónur 2.00 pr. brúttórúmllest í hvert sinn, er þau koma til hafnar. Lágmarksgjald krónur 150.00 hvert sinn. Heimilt er þó að veita undanþágu á gjaldi þessu, ef sami bátur kemur oftar en þrisvar í mánuði til hafnar.